

fararkostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Halldór Ólafsson, skal teljast faðir að barni því, er kærandi, Valgerður Haraldsdóttir, ól þann 8. júní 1939. Þá greiði hann og meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds og 20 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. nóvember 1939.

Nr. 98/1937. **Hjalti Benónýsson**

gegn

Þóru Guðmundsdóttur

Nýrra skýrslna er krafizt í barnsfaðernismáli.

Úrskurður hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu úrskurðar hæstaréttar í máli þessu 23. júní s. l. hefir rannsókn farið fram að nýju í héraði og skýrslur verið teknar af málsaðiljum og Ágústi Benjamínssyni, er í nefndum úrskurði getur. Framhaldsrannsókn þessari er þó að sumu leyti svo áfátt, að nauðsyn þykir bera til að fresta málinu enn á ný og fyrirskipa ýtarlegri rannsókn, áður dómur verði á málið lagður.

1. Stefndu og Ágústi Benjamínssyni ber ekki saman um það, hvenær orðið hafi fyrstu kynni þeirra. Kveðst Ágúst fyrst hafa kynnt stefndu á Laugaveg 24 C einhverntíma vetrar 1932, og muni stefnda hafa fylgt honum þá um kvöldið að Hótel Heklu, en þar

hafi hann þá búið. Stefnda telur þau hinsvegar hafa kynnt fyr og getur þess í því sambandi, að hún hafi dvalizt í Reykjavík um 3 ára bil, en þó ekki óslitið, áður en hún og áfrýjandi tóku að búa saman. Hún kveður einnig fyrstu kynningu þeirra Ágústs hafa orðið í húsinu Laugaveg 24 C. Er frásögn hennar um þetta atriði ógreinileg, og virðist hún ekki hafa verið ýtarlega um það spurð. Ber dómaranum að afla rækilegri skýrslna þeirra stefndu og Ágústs um þetta atriði, og komi það í ljós, að kynning þeirra hafi verið byrjuð fyr en Ágúst segir, þá ber að upplýsa, hvernig þeim kynnum hafi verið háttað og hvort þau hafi komið saman að holdlegum samförum fyr en á árinu 1932.

2. Í þinghaldi 15. des. 1936 kveðst stefnda hafa dvalizt með Ágústi Benjamínssyni í herbergi hans á Hótel Heklu fram til kl. að ganga 2 aðfaranótt 4. febrúar 1932, að því er hana minnir. Ágúst hefir kannast við það, að stefnda hafi fylgt honum kvöld eitt umgetinn vetur frá Laugavegi 24 C niður að Hótel Heklu. Kveðst hann hafa verið ölvaður og ekki minnast þess, að stefnda hafi haft nokkra viðdvöl hjá honum í þetta sinn. Þótt svo mjög beri hér á milli frásagna þeirra stefndu og Ágústs, hefir dómarrinn ekki, svo séð verði, bent stefndu á ósamræmið, né heldur spurt hana, eins og þó var fyrir hann lagt í úrskurði hæstaréttar 23. júní s. l., um tilefnið til komu hennar á hótélherbergi Ágústs. Ber nú að krefja þau stefndu og Ágúst ýtarlegri skýrslna um þetta atriði. Skal stefnda meðal annars um það spurð, hversvegna hún hafi dvalizt svo lengi hjá Ágústi ölvuðum í herbergi hans umrædda nótt, hvort hún hafi neytt þar vins og yfirleitt, hvað þau hafi aðhafzt.

3. Áfrýjandi skal um það spurður, hvernig hann hafi fengið vitneskju um dvöl stefndu hjá Ágúst í hótélherbergi hans í umrætt skipti.

4. Ennfremur ber að hlutast til um, að blóðrannsókn sé gerð á nefndum Ágústi Benjamínssyni, sbr. 2. mgr. 214. gr. laga nr. 85/1936.

Þar eð réttarskýrsla mun verða tekin í Reykjavík af Ágústi Benjamínssyni, þykir rétt að héraðsdómurinn þar taki einnig skýrslu af stefndu um ofangreind atriði, er hana varða, og samprófi þau síðan, hana og Ágúst, um það, er á milli kann að bera. Skal nefndur héraðsdómari gefa stefndu kost á að mæta í þessu skyni fyrir dómi í Reykjavík samkvæmt 214. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 114. og 124. gr. sömu laga. Ber héraðsdómurum þeim, sem með rannsókn máls þessa fara, að afla framangreindra skýrslna og upplýsinga svo fljótt sem verða má, svo og annarra þeirra skýrslna, er framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómurum þeim, sem með rannsókn máls þessa fara, ber að afla framangreindra skýrslna og upplýsinga, svo og skýrslna um önnur þau atriði, er framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.
